

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. maí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-23/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hennar á blöndunartækjum í sturtu hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi segir blöndunartækin vera gölluð og vill að seljandi endurgreiði sér kaupverð tækjanna eða hluta þess.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Mér bréfi, dags. 16. apríl sl., óskaði kæruneftndin eftir því að álitsbeiðandi gerði grein fyrir hvaða kröfur hún gerði á hendur seljanda en kröfurnar komu ekki fram í álitsbeiðninni. Svar álitsbeiðanda barst nefndinni 26. apríl.

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 29. apríl sl. og bærust nefndinni andsvörin 15. maí. Álitsbeiðanda var með bréfi, dags. 19. maí, gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 28. maí. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 29. maí sl. var aðilum tilkynnt að nefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi sem fylgdi beiðni álitsbeiðanda keypti hún blöndunartækin 15. febrúar 2006 og kostuðu þau kr. 7.900. Álitsbeiðandi segir að um miðjan febrúar 2008 hafi tækin ekki virkað eins og þau hafi átt að gera. Úr þeim hafi aðeins komið heitt vatn og öryggisventill ekki virkað. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið til seljanda sem bent hafi sér á að trúlega hefði komist sandur í tækin sem þyrfti að hreinsa úr stútunum. Enginn pípulagningamaður hafi fengist til verksins og hún því fengið bróður sinn til að hreinsa tækin. Með álitsbeiðninni fylgdi vottorð bróðurins. Þar kemur fram að hann hafi losað blöndunartækin frá, en hvorki séð sand í tækjunum eða rörum í vegg. Hann hafi misst tækin og við það hafi stúturinn brotnað af þeim. Álitsbeiðandi hafi keypt blöndunartæki á nýjan leik og hafi hann tengt þau.

Eins og að framan segir óskaði kæruneftndin í bréfi, dags. 16. apríl sl., eftir upplýsingum um það hverjar kröfur álitsbeiðandi gerði á hendur seljanda. Í svarbréfi sínu, dags. 26. apríl, segist álitsbeiðandi gera þá kröfu að Y endurgreiði sé kaupverð blöndunartækjanna, a.m.k. stóran hluta þess, en 2 ára líftími sé ekki góð ending. Álitsbeiðandi segist hafa farið með tækin til seljanda og fleira sem hún hafi keypt af honum og nefnir t.d. að hún hafi keypt tvo sturtuhausu í viðbót. Þótt álitsbeiðandi nefni fleiri hluti í svarbréfinu en blöndunartækin verður bréfið ekki skilið svo að um frekari kröfur sé að ræða á hendur seljanda en þær sem gerðar eru vegna blöndunartækjanna.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörunum kemur fram að í hitastýrðum blöndunartækjum séu stefnulokar sem varni því að vatnið, sem hafi meiri þrýsting, renni í gegnum tækið og er þá væntanlega átt við að með þessu móti sé dregið úr þrýstingnum á vatninu. Skilja verður andsvörin svo að þetta eigi fyrst og fremst við heita vatnið. Kalda vatnið sé yfirleitt ekki hreinsað og síað og með því berist sandur. Komist sandur inn fyrir síu sem sé í öllum hitastýrðum blöndunartækjum geti hann valdið því að loki fyrir kalda vatnið festist opinn. Það sé ástæðan í nær öllum tilvikum þegar einungis heitt vatn byrji að renna og því sé ekki hægt að blanda vatnið. Y eigi, eins og allir sem selji hitastýrð blöndunartæki, þessa ventla sem varahluti og í mjög mörgum tilfellum megi skola sandinn í burtu. Þessar upplýsingar hafi álitsbeiðandi fengið frá afgreiðslufólki fyrirtækisins. Þótt ekki komi það skýrt fram í andsvörunum er ekki hægt að skilja þau á annan veg en þann að seljandi hafni kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Það er alþekkt að óhreinindi, sandur, kísill o.þ.h., geta safnast í blöndunartæki af svipaðri gerð og álitsbeiðandi keypti og leitt til þess að þau þurfi að hreinsa eða skipta um ákveðna hluti í þeim. Getur það verið undir ýmsu komið hvenær slíkt gerist og þarf aldur þessara tækja ekki endilega að skipta þar máli. Kærunefndin telur að lýsing sú sem álitsbeiðandi gefur á því að blöndunartækin hafi ekki virkað sem skyldi bendi til þess að óhreinindi hafi stíflað þau með einhverjum hætti, en sérstök bilun á þeim hefur ekki verið leidd í ljós. Allar líkur eru á því að úr þessu hefði fagmaður getað bætt, annað hvort með því að hreinsa tækin eða skipta um hluti í þeim. Ekki verður komið í veg fyrir að bilanir af þessu tagi geti orðið nema þá að það vatn sem í blöndunartækin fer sé betur hreinsað en gert er, en þar er um að ræða aðgerð sem ekki er á valdi seljanda. Neytendur verða að sætta sig við þá galla og kosti sem eru á vatnslögnum sem þeir nota nema annað komi til.

Samkvæmt framanskráðu er það álit kærunefndarinnar eins og hér hagar til að ekki hafi verið leitt í ljós að blöndunartækin sem álitsbeiðandi keypti hafi verið gölluð í skilningi neytendakaupalaganna, sbr. 15. og 16. gr. laganna. Með því er hins vegar ekki tekin afstaða til þess hverjar skyldur aðilar hefðu borið samkvæmt neytendakaupalögunum hefði verið sýnt fram á sérstakan galla í tækjunum.

Að því er tilvik álitsbeiðanda varðar er upplýst að blöndunartækin brotnuðu í meðförum manns sem hún fékk til að reyna að lagfæra þau. Álitsbeiðandi hefur krafist endurgreiðslu á kaupverði blöndunartækjanna eða a.m.k. hluta þess. Sú krafa er í eðli sínu krafa um riftun á kaupunum, sem myndi leiða til þess að álitsbeiðanda væri skylt, samkvæmt ákvæðum 51. gr. laga nr. 48/2003 að skila seljanda tækjunum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og þau voru þegar hún fékk þau í hendur, að undanskildu því sem

mætti telja vera eðlilegt slit eða galla á þeim, en eins og fyrr segir er ekki í ljós leitt að um galla hafi verið að ræða. Hér hagar hins vegar svo til að blöndunartækin brotnuðu í meðförum manns á vegum álitsbeiðanda og verður að gera ráð fyrir að þau séu ónýtt fyrir vikið. Af þeim sökum einum á álitsbeiðandi ekki rétt til þess að rifta kaupunum.

Samkvæmt öllu því sem að framan segir er það niðurstaða kæruneftdarinnar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir